

## Samstarfshópur um þjóðgarð á Vestfjörðum

Fimmti fundur samstarfshóps (fundað á Teams) – 14.janúar 2021. Fundur hófst kl. 14:00.

Fundinn sátu: Birgir Gunnarsson f.h. Ísafjarðarbæjar, Freyja Pétursdóttir og Edda Kristín Eiríksdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Rebekka Hilmarsdóttir f.h. Vesturbyggðar, Rúnar Leifsson f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sigurður Örn Þorleifsson f.h. forsætisráðuneytis, Þuríður Yngvadóttir f.h. LandgræðslusjóðsSteinar Kaldal f.h. umhverfis- og auðlindaráðuneytis

Þetta gerðist:

### 1. Yfirferð friðlýsingarskilmála

Í framhaldi af síðasta fundi voru drög að friðlýsingarskilmálum áfram rýnd. Starfshópur hafði áður fengið drögin send og óskað var eftir athugasemdum fyrir fundinn eða á fundinum. Helstu mál sem rædd voru í tengslum við skilmálana sneru að umræðu um landgræðslu og skógrækt, veiði, samspil skipulagsvinnu og þjóðgarðs, svæðaskiptingu innan þjóðgarðs og samgöngur og raforkuflutning.

### 2. Framhald vinnu

Farið var yfir næstu skref starfshóps. Friðlýsingarskilmálar verða útfærðir frekar í framhaldi af umræðu á fundi. Stefnt að því að rýna skilmálana með tilliti til þeirra atriða sem rædd voru sérstaklega á fundinum.

Fleira gerðist ekki og fundi lauk kl. 15:30.